

Nd. **396. Frumvarp til laga** [185. mál]

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

14. gr. 2. málsg. orðist svo, en núverandi 2. málsg. verður 3. málsg.:

Einkasalan greiðir fasteignaskatta og landsútsvar samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 17. gr., er lagt til, að Viðtækjaverzlun ríkisins greiði landsútsvar, og einnig felst það í II. kafla þess frv., að fyrirtækið gjaldi fasteignaskatta til sveitarfélaga. Þykir heppilegt að breyta lögum um útvarpsrekstur ríkisins til samræmis við greind ákvæði frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttargjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.